



Tilboð um lán frá lánasjóði sveitarfélaga

Í stuttu máli: Ef greiðslubyrðin er ekki vandamál þá má færa fyrir því rök að LSS 39 sé álitlegri kostur heldur en LSS 55, þrátt fyrir að vera með aðeins hærri vexti, þar sem lánstíminn er styttri og heildarkostnaður á lánstímanum er minni. En ef vilji er fyrir því að hafa lægri greiðslubyrði og möguleika á að greiða lánið upp og/eða endurfjármagna það þá er LSS 55 góður kostur upp á það að gera.

Í lengra máli:

- Framkvæmdir og endurbætur á hjúkrunarheimili ættu öllu jafna að geta flokkast sem langtímafjárfesting og því gætu bæði LSS 39 og LSS 55 átt við.
- Skilmálar lánanna eru að megninu til eins þ.e. þeir eru báðir verðtryggðir með jöfnum afborgunum og gjalddagar 2x á ári. LSS 55 er hins vegar með uppgreiðsluheimild 2x á lánstímanum, annars vegar á árinu 2035 (2% gjald) og hins vegar á árinu 2045 (1% gjald), á meðan LSS 39 er ekki með uppgreiðsluheimild. Með öðrum orðum þá þýðir þetta að þegar fjögur ár eru eftir af LSS 39 og megnið af því láni hefur verið greitt upp þá er heimilt að greiða upp LSS 55 lánið.
- LSS 55 er svo þannig uppsettur að nafnvextir lánsins eru 2,50% en ávöxtunarkrafa (virkir vextir) er 3,77%. Það þýðir að það er munur á út greiddri lánsfjárhæð (150 m.kr.) og höfuðstólsfjárhæð lánsins sem er til skuldar (ca. 173 m.kr.). Þessi munur kallast vaxtakostnaður eða afföll og helgast af því að áður nefndir nafnvextir eru lægri en sú ávöxtunarkrafa sem okkur hefur boðist þegar við höfum verið með útboð í þessum lánaflokki upp á síðkastið. Þessum afföllum er bætt ofan á út greidda lánsfjárhæð sem myndar þá höfuðstólsfjárhæðina sem er þá hærri fyrir vikið.
- Þessu fyrirkomulagi er ekki til að skipta í LSS 39.
- Greiðslubyrði LSS 39 er ca. 16 m.kr. á ári á fyrstu árunum m.v. 0% verðbólgu samanborið við ca. 9 m.kr. á ári í LSS 55. Á árinu 2035 þegar fyrst er heimilt að greiða upp LSS 55 lánið þá er áætluð greiðslubyrði LSS 39 ca. 12 m.kr. á ári m.v. 0% verðbólgu samanborið við ca. 8 m.kr. á ári í LSS 55. Eftirstöðvar af láni LSS 39 á því ári stæðu í ca. 46 m.kr. samanborið við 117 m.kr. í LSS 55.
- Ef við gefum okkur það að verðbólga verði 5% að meðaltali á lánstímanum þá væri greiðslubyrði LSS 39 ca. 17 m.kr. á ári á fyrstu árunum samanborið við ca. 10 m.kr. á ári í LSS 55. Á árinu 2035 þegar fyrst er heimilt að greiða upp LSS 55 lánið þá væri áætluð greiðslubyrði LSS 39 ca. 20 m.kr. á ári samanborið við ca. 14 m.kr. á ári í LSS 55. Eftirstöðvar af láni LSS 39 á því ári stæðu í ca. 69 m.kr. samanborið við ca. 195 m.kr. í LSS 55.
- Heildargreiðslur af LSS 39 á öllum lánstímanum eru áætlaðar 195 m.kr. (0% verðbólga) og 276 m.kr. (5% verðbólga) samanborið við 241 m.kr. (0% verðbólga) og 530 m.kr. (5% verðbólga).

Læt fylgja með áætlaða greiðslubyrði þessa flokka m.v. 0% verðbólgu og 5% verðbólgu á lánstímanum til frekari glöggvunar.

Langanesbyggð
33. Fundur byggðaráðs 28.11.2024



Frá Landsbankanum:

Landsbankinn er tilbúinn að veita sveitarfélaginu allt að 150 m.kr. lán til allt að 20 ára. Hægt er að greiða lánið hraðar niður án þóknana. Val um verðtryggt eða óverðtryggt lán og jafnar afborganir eða jafnar greiðslur en vextir eru breytilegir. Kjör skv. vaxtatöflu Landsbankans K0 - 0,25% sem í dag eru 4,95% verðtrygg eða 11,05% óverðtryggt. Þess ber að geta að ný vaxtatafla tekur gildi 2.12 nk. [Landsbankinn breytir vöxtum - Landsbankinn](#) Þá lækka óverðtryggir vextir um 0,50% svo óverðtryggðu kjörin verða 10,55% Lántökugjöld eru 0,50%

Sent með fyrirvara um innsláttarvillur.

Velkomið að hafa samband ef eitthvað er.

Bestu kveðjur,

Inga Á. Karlsdóttir
Landsbankinn

Þjónustustjóri fyrirtækja - 0162 Akureyri / Norðurland
Sími / Tel.: (+354) 410 8383/ Farsími / Mobile: (+354) 820 6352
ingak@landsbankinn.is
www.landsbankinn.is

